

Nd.

249. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu.

Frá allsherjarnefnd.

Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

Atvinnumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um fyrirkomulag og rekstur Ferðamannaskrifstofu ríkisins, og um tölu, launakjör og starfsvið starfsmanna skrifstofunnar. Ráðherra hefir heimild til þess að láta einhverja af ríkisstofnunum þeim, sem þegar eru starfandi, hafa Ferðamannaskrifstofu ríkisins með höndum. Rekstrarhalli, sem verða kann af skrifstofunni, greiðist úr ríkissjóði.